



BA ritgerð

Mannfræði

Er sælla að gefa en þiggja?

Gjafaskiptakenningar í mannfræði og líffæragjöf

Elísa Björk Kjerúlf

Leiðbeinandi: Helga Ögmundardóttir
Júní 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Er sælla að gefa en þiggja?
Gjafaskiptakenningar í mannfræði og líffæragjöf

Elísa Björk Kjerúlf

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Helga Ögmundardóttir

12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2020

Er sælla að gefa en þiggja?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í mannfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Elísa Björk Kjerúlf, 2020

Útdráttur

Kenningin um gjafaskipti var þróuð af Marcel Mauss um 1920. Hann hélt því fram að gjafaskipti fælu í sér þrjú lykilatriði; að gefa, að þiggja og að gefa til baka. Líffæragjöf er þegar einstaklingur gefur úr sér líffæri til ígræðslu. Líffæraígræðsla er það þegar líffæri eru fjarlægð úr einni manneskju og síðan grædd í aðra. Sem dæmi má nefna að bæði er hægt að þiggja nýra frá lifandi og látnum gjafa. Lifandi nýrnagjöfum hefur fjölgað mikið síðustu ár vegna skorts á nýrum frá látnum gjöfum. Þar sem biðlistar eftir líffærum lengjast hafa sérfræðingar leitað nýrra leiða við öflun á líffærum, til dæmis með líffæraígræðslu þar sem líffæri eru fengin úr dýrum og grædd í menn eða jafnvel með lögleiðingu á líffærasölu til þess að hvetja til líffæragjafar. Margir telja þó að lögleiðing líffærasölu myndi neyða fátækt fólk til þess að selja líffæri sín og það myndi því breikka bilið milli ríkra og fátækra í heiminum. Því hefur verið haldið fram að líffæragjöf gæti átt margt sameiginlegt með gjafaskiptum, þar sem gjafaskipti eru byggð á gjöfum af fúsum og frjálsum vilja. Ólíkt þeirri skyldu að gefa til baka þegar um hefðbundin gjafaskipti er að ræða er það að gefa ekki til baka almenna reglan í líffæragjöf. „Gjöf lífsins”, eins og líffæragjöf hefur stundum verið nefnd, er gjöf sem getur ekki verið endugoldin með jafngildri gjöf eða betri. Líffæragjöf er því gjafaskipti þar sem ekki er gert ráð fyrir endurgjöf. Gjöfin á sér ekkert efnislegt eða táknrænt jafngildi og fjárhagsleg endurgreiðsla fyrir líffæri er bönnuð með lögum í flestum löndum.

Abstract

Marcel Mauss developed the theory of gift exchange around 1920. He argued that gift exchange involved three key elements; to give, to receive and to reciprocate. Organ transplant is when organs are removed from one person and then transplanted to another. Kidneys can for example be accepted from both living and deceased donors. Live kidney donations have increased significantly in recent years due to shortage in kidneys from deceased donors. As waiting lists for organs grow longer, experts have sought new ways to acquire organs, such as xenotransplantation where organs are derived from animals and implanted in humans or by organ sale. Many believe, however, that by authorizing the sale of organs would force poor people to sell their organs and widen the gap between the rich and the poor. It has been argued that organ donation may have something in common with gift-giving theories, where gift exchange is based on voluntary gifts. Unlike the obligation to reciprocate in traditional gift exchange, not to reciprocate is the general rule in organ donation. "The gift of life", as organ donation has sometimes been called, is a gift that cannot be reciprocated with an equivalent gift or better. Organ donation is therefore an exchange of gifts where reciprocity is not expected. The gift has no material or symbolic equivalent and, in most countries, the law prohibits financial reimbursement for organs.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Abstract	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur.....	7
2 Gjafaskiptakenningar í mannfræði	9
2.1 Kenningalegur bakgrunnur	9
2.2 Gjafaskipti	11
2.3 Vöruviðskipti	12
3 Líffæragjöf.....	15
3.1 Líffæraígræðsla	15
3.2 Líffæragjöf á Íslandi	16
3.3 Líffæri úr dýrum.....	18
4 Líffæragjöf og gjafaskipti	21
4.1 Lífandi gjafar	21
4.2 Fjölskyldutengsl	22
4.3 Þung byrði	24
5 Líffæramarkaðir	27
5.1 Líffæratúrismi	27
5.2 Auðæfi og örbirgð	29
5.3 Líffærasala	30
6 Lokaorð.....	34
Heimildaskrá	36

1 Inngangur

Gjafaskipti er hugtak sem að við notum í daglegu tali og þá helst þegar við tölum um afmælis- og jólagjafir. En gjafaskipti geta verið flóknar athafnir og liggur margt að baki þessum athöfnum og það að gefa eða þiggja gjöf getur haft ýmsar afleiðingar í för með sér. Margir mannfræðingar hafa fjallað um gjafaskipti en bók Marcel Mauss (1925), *The Gift*, hafði gríðarleg áhrif innan mannfræðinnar. Mauss (1970) hélt því meðal annars fram að gjafir væru aldrei „ókeypis“, það er að gjafir væru alltaf háðar endurgjöf. Í þessari ritgerð ætla ég að tengja saman gjafaskiptakenningar Mauss og líffæragjöf en í líffæragjöf er gjöfin oft svo stór að erfitt eða í raun ómögulegt er að endurgjalda slíka gjöf.

Boas (2011) telur að auðveldlega sé hægt að líkja líffæragjöfum við almenn gjafaskipti. Það sem er mest áberandi eru líkindin á milli hugmyndarinnar um „gjöf lífsins“ í líffæragjöf og hinnar klassísku rannsóknar Marcel Mauss á gjafaskiptum í fornum samfélögum (Boas, 2011, bls. 1379). Gill og Lowes (2008) taka í sama streng og telja að líffæraígræðsla geti átt margt sameiginlegt með gjafaskiptahefðum í „vestrænum“ samfélögum þar sem gjafaskipti eru að þeirra mati byggð á gjöfum af fúsum og frjálsum vilja. Gill og Lowes (2008) nefna einnig hugmyndina um „gjöf lífsins“ og segja hana hafa haft mikil áhrif á auglýsingaherferðir þar sem að hin augljóslega óeigingjarna athöfn að gefa líffæri sitt gæti gerbreytt og jafnvel bjargað lífi einhvers sem er alvarlega veikur (Gill og Lowes, 2008), bls. 1608). Hugtakið *altruism* hefur stundum verið þýtt sem fórnfýsi, góðmennska eða ósérplægni, en merking þess er að sýna óeigingjarna umhyggju í garð annarra, veita aðstoð eða sýna hjálpsemi. Hugtakið *altruism* er notað um óeigingjarnar athafnir eins og það að gefa gjöf og ætlast ekki til neins til baka. Ég mun þýða hugtakið sem „óeigingirni“.

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða hvort að gjafaskiptakenning Mauss sé fullnægjandi til þess að yfirfæra á og útskýra líffæragjöf. Ég mun einblína á líffæragjöf þar sem gefendur eru lifandi og velti ég því fyrir mér hvernig líffæragjöf hefur áhrif á bæði gefanda og þiggjanda. Ég mun aðallega skoða nýrnagjöf þar sem það er helsta

líffærið sem fólk getur gefið og lifað án. Hægt er að gefa annað nýrað af tveimur, svo fremi sem bæði eru heilbrigð, og lifa góðu lífi eftir það með eitt nýra.

Ritgerðin fjallar sem sagt um gjafaskipti og ætla ég síðan að tengja þær hugmyndir við líffæragjöf. Ég mun byrja á því að skoða hvernig mannfræðingar hafa fjallað um gjafaskipti, svo mun ég fjalla um vörur og vöruskipti. Því næst mun ég fjalla um líffæraígræðslu, hvaða líffæri er hægt að græða í menn og tilraunir með að nota líffæri dýra. Síðan mun ég fjalla um líffæragjöf og þá byrði sem verður til þegar fólk getur ekki borgað til baka, en líffæragjöf er dæmi um gjöf án gagnkvæmni. Að lokum mun ég fjalla um líffæri sem vöru og sölu á líffærum á hnattræna vísu. Með þessu langar mig að reyna að svara hvort líffæri ættu frekar að flokkast undir að vera „vara“ heldur en „gjöf“. Ég velti fyrir mér hvort líffærasala ætti að vera lögleg og ef svarið er „nei“, afhverju ekki. Er líffæragjöf óeigingjörn gjöf? Og ég spyr líka spurningarinnar hvort peningar geta komið í staðinn fyrir gagnkvæmni eða endurgjöf.

2 Gjafaskiptakenningar í mannfræði

2.1 Kenningalegur bakgrunnur

Kenningin um gjafaskipti var þróuð af Marcel Mauss um 1920 (sjá Mauss, 1970) en einnig hafa Gill og Lowes (2008) fjallað um gjafaskiptakenningu hans. Mauss (1970, bls. 3) segir í bók sinni *The Gift* að í skandinavískri menningu, sem og ýmsum öðrum menningarheimum, eigi skipti og samningar sér stað í formi gjafa. Mauss hélt því fram að þrátt fyrir að gjafir gætu litið út fyrir að vera af fúsum og frjálsum vilja (e. *voluntary*), væru þær í raun og veru endurgoldnar vegna skyldu (e. *obligatory*) og þeim stýrt (e. *governed*) af hugmyndinni að gefa, að fá og gefa til baka. Það að gefa gjöf gerir viðtakandann skuldugan því að sá sem fær gjöfina er skyldugur til þess að endurgjalda gjöfina (Mauss, 1970, bls. 3; Gill og Lowes, 2008, bls. 1608). Það að gefa ekki til baka gæti leitt til þess að viðtakandinn yrði álitinn vanþakklátur og jafnvel óæðri, sérstaklega þegar gjöfin hefur verið móttækin og viðtakandinn hyggst ekki gefa til baka (Mauss, 1970, bls. 65; Gill & Lowes, 2008, bls. 1608). Í bók sinni, *The Gift*, fjallaði Mauss um gjafaskipti í samfélögum sem að hann kallaði „frumstæð“ samfélög (e. *archaic societies*); Melanesía, Pólýnesía og Norðvestur-Kyrrahafssvæðið.

Gill og Lowes (2008) sem byggja skrif sín mikið á kenningum Mauss (Mauss, 1970 í Gill & Lowes, 2008, bls. 1608) benda á tvö mikilvæg hlutverk gjafaskipta. Í fyrsta lagi er það einföld og áhrifarík leið til þess að skiptast á varningi í fjarveru peninga og í öðru lagi er það áhrifarík leið til þess að koma á fót og halda uppi gagnkvæmum samböndum. Mauss telur að það að gefa, að fá og að gefa til baka sé gert vegna skyldu, en Gill og Lowes (2008) telja að það gætu legið fleiri ástæður að baki, til dæmis virðing, tillitsemi og sérstaklega, þó ef til vill ómeðvitað, eigin hagsmunir, til dæmis til þess að bæta félagslega stöðu (Gill og Lowes, 2008, bls. 1608). Samkvæmt Mauss er auðvelt að finna staðreyndir um skylduna að þiggja. Hópur af fólki eða einstaklingar eiga engra annarra kosta völ en að biðja um gestrisni, að þiggja gjöf, að eiga í skiptum við og mynda bandalög við annað fólk (Mauss, 1970, bls. 13). En Mauss telur að skyldan til þess að gefa sé ekki síður mikilvæg og að rannsókn á því gæti gert okkur kleift að skilja hvernig fólk skiptist á vörum og þjónustu. Það að neita að gefa, eins og það að neita að taka við,

er líkt og að lýsa yfir stríði; það er að hafna bandalagi við það fólk sem fær neitunina (Mauss, 1970, bls. 13).

Sherry Jr. (1983, bls. 159) vill meina að í rauninni ætti það að gefa gjöf ekki að fela í sér skyldu til að gefa til baka, en þrýstingurinn á að endurgjalda gjöfina er mikill. Til þess að komast hjá því að finnast maður vera óæðri og til þess að vernda mannorð sitt verður viðtakandinn að endurgjalda gjöfina. Það að gefa ekki til baka á viðeigandi máta getur leitt til óstöðugleika í sambandi gefanda og þiggjanda. Við verðum að gefa meira til baka en við höfum fengið (Mauss, 1970, bls. 65). Godelier (1999) segir það að gefa komi á fót tvenns konar sambandi milli gefanda og þiggjanda. Annars vegar sambandi sem byggir á samstöðu (e. *solidarity*) vegna þess að gefandinn deilir því sem að hann á, eða því sem að hann er, með þiggjandanum. Hins vegar sambandi sem byggir á yfirburðum (e. *superiority*) vegna þess að sá sem þiggur gjöfina setur sjálfan sig í skuldastöðu gagnvart þeim sem gaf gjöfina. Þannig stendur hann í þakkarskuld við gefandann, svo lengi sem hann hefur ekki endurgoldið gjöfina sem honum var gefin (Godelier, 1999, bls. 12). Mauss tekur í sama streng og nefnir að í gegnum gjafir verður til stigveldi. Það að gefa er að sýna yfirburði yfir hinum, að vera meiri, hærri í tign eða það sem Mauss kallar *magister*. Það að taka við gjöf án þess að gefa til baka er að vera minni, lægri í tign eða *minister* (Mauss, 1979, bls. 74). Godelier og Mauss eru því á sama máli þegar kemur að því að útskýra hvernig gjafir geta hækkað eða lækkað félagslega stöðu fólks. Það að gefa virðist því ýta undir mismun og ójöfnuð milli gefanda og þiggjanda að mati Godelier (1999, bls. 12), sem getur sett gefandann í yfirburðastöðu. Ef stigveldi er til staðar nú þegar, þá lætur gjöfin það í ljós og réttlætir það. Þegar einhver gefur öðrum gjöf eykst félagsleg fjarlægð á milli þeirra því að annar skuldar nú hinum. Gjafaskipti fela þannig í sér mikið af kænskubrögðum og útsjónarsemi. Gjafaskipti eru því tvíræð athöfn sem getur annað hvort verið athöfn örlætis eða ofbeldis. Í síðara tilvikinu er ofbeldið dulbúið sem óeigingjörn athöfn í formi gjafa. Godelier (1999) segir að til séu dæmi um samfélög þar sem einstaklingar geta ekki greitt skuldir sínar og neyðast til þess að selja sjálfan sig eða börnin sín í þrældóm, þar sem þau enda sem „eign“ þess sem veitti þeim gjöfina. Af þessu að dæma er ljóst að af þessum tveimur þáttum (að gefa og að skulda), er það hið seinna sem að hefur líklega meiri áhrif á félagslegt líf okkar (Godelier, 1999, bls. 12).

2.2 Gjafaskipti

Gjöfin getur virst vera lítill hlutur, en Sykes (2005) segir að hefðin að gefa og að þiggja gjöf endurómi í gegnum líf manna vegna þess að gjöfin er svo miklu meira en bara efnislegur hlutur. Hún stofnar og styrkir tengsl milli fólks og hefur á þennan hátt verið lýst sem eins konar undirstöðu samfélagsins. Sú staðreynd að sumir hlutir geta verið gefnir öðrum sem „gjafir“ sýnir okkur að mannfræðingar ættu, að mati Sykes, að skoða betur hvernig hægt sé að mynda sambönd í þessum efnislega heimi sem við búum í (Sykes, 2005, bls. 1).

Mauss (1970) notaði dæmi um *Kula hringinn*, gjafskiptakerfi í Melanesíu, þar sem fólk skiptist á skelja- og perluhálsfestum fyrir skeljaarmbönd á milli eyjanna (frá einni eyju yfir á næstu og svo framvegis) og sá hvernig það styrkti vald og stöðu mannanna sem skiptust á þeim, þó svo að þeir „græddu“ ekkert á því, það er að segja þeir högnuðust ekki á því efnislega. (Mauss, 1970 í Wilk & Cliggett, 2007, bls. 159) Til þess að skilja *Kula* kerfið lagði Mauss áherslu á þrjú lykilatriði í ferlinu: að gefa gjöf, að fá gjöf og að gefa til baka. Aðalatriðið í öllum þessum skiptum var að viðhalda félagslegum tengslum. Það að gefa gjafir, samkvæmt Mauss, hjálpaði við það að mynda félagsleg tengsl, sem á móti byggðu upp samfélagið (Mauss, 1970 í Wilk & Cliggett, 2007, bls. 159).

Sherry Jr. (1983) telur að fræðimenn hafi verið of fljótir að mynda sér skoðanir um undirstöðueinkenni gjafaskipta áður en að þeir náðu fullum skilningi á þeim. Þar af leiðandi hefur lítil fyrirhöfn farið í það að skilja ferlið á bakvið gjafaskiptin eða það að skoða undirliggjandi hegðun á bakvið raunverulegu skiptin á gjöfunum, þar með talið strúktúrinn og hvatann á bakvið athöfnina. Hugmyndir um það að gefa og þiggja gjafir hafa ekki verið dregnar í efa í tilrauninni til þess að greina á milli gjafaskipta og annarrar gerðar af neytendahegðun (e. *consumer behavior*), svo sem kaup á hlutum til persónulegrar notkunar. Það er ferlið, ekki bara atburðurinn, á gjafaskiptum sem grípur athygli mannfræðinga (Sherry Jr., 1983, bls. 157).

Til þess að útskýra hvað hann á við segir Sherry Jr. (1983) að það að gefa gjöf geti verið túlkað sem boð um vináttu og sem staðfesting á „einlægri þátttöku“ gefandans í gegnum súrt og sætt í lífi viðtakandans, þrátt fyrir að það sé alltaf einhver dulin ástæða sem liggur þar að baki. Gjafirnar eru yfirleitt ekki án skilyrða, félagsleg tengsl eru þannig

búin til og ýtt er undir gagnkvæmni eða endurgjöf. Það að gefa gjöf getur verið notað til þess að skapa og endurspegla félagslega sameiningu í eina heild (til dæmis aðild að hóp) eða félagslega fjarlægð. Verðmæti gjafarinnar endurspeglar vægi sambandsins. Það að gefa of mikið eða of lítið getur haft neikvæð áhrif á sambandið (Sherry Jr., 1983, bls. 158).

Margir fræðimenn hafa fjallað um eitthvað sem kalla má andlegan kraft sem fylgir gjöfinni, jafnvel eftir að hún hefur verið gefin (sjá Gill & Lowes, 2008; Mauss, 1970; Wilk & Cliggett, 2007). Mauss (1970) segir gjafir innihalda andlegan kraft sem kallast *hau*, sem fylgir þeim sem hefur hlutinn í höndum sér (Mauss, 1970, bls. 12). Wilk og Cliggett (2007) segja frá því að samkvæmt íbúum á Trobriandeyjum innihaldi gjafirnar andlegan kraft þess er gaf gjöfina og þegar gjöfin er flutt frá einni persónu til annarrar varðveitir hún tengslin við þann sem gaf gjöfina (Wilk & Cliggett, 2007, bls. 148). Gill og Lowes (2008) taka í sama streng og kalla þetta „anda gjafarinnar“ þar sem gjöfin felur í sér „anda“ gefandans. Í gegnum „anda gjafarinnar“ hefur gefandinn ákveðið tak á viðtakandanum og er þetta talið efla hringrás gjafaskipta samkvæmt Gill og Lowes (2008, bls. 1609). Þegar fólk gefur gjafir þá er viðtakandinn knúinn til þess að gefa til baka. Það sem veldur skyldunni að endurgjalda gjöfina er sú staðreynd að gjöfin er ekki óvirk (Mauss, 1970, bls. 11-12). Gjafir eru því frábrugðnar vörum (e. *commodities*) sem við þekkjum frá okkar kapítalíska markaðshagkerfi. Gjöfin hefur ekkert notagildi heldur er aðeins táknrænt merki um tengslin milli fólksins sem gefur gjöfina og þeirra sem fá hana. Það er ekki hægt að selja gjöfina fyrir peninga. Gjöfin er oft verðmætari fyrir fólk eftir að það hefur gefið gjöfina frá sér heldur en á meðan það á hana (Wilk og Cliggett, 2007, bls. 148).

2.3 Vöruviðskipti

Offer (1997) heldur því fram að Adam Smith hafi verið fyrstur til að setja gjafaskipti í samhengi við hagfræði og viðskipti í nútíma samfélögum. Hann lýsir hagkvæmni ópersónulegs markaðar, þar sem sérhver einstaklingur leitar eftir eigin ávinningi, án tillits til hags annarra. Polanyi (1944 í Offer, 1997) gerði ráð fyrir mikilli umbreytingu, frá félagslegri gagnkvæmni (gjafaskipta) til ópersónulegra peningaviðskipta, sem hann taldi ná hámarki í lok átjándu aldar á Bretlandi. Samkvæmt Offer (1997, bls. 450) hafa margir höfundar hinsvegar hafnað þessari hugmynd og benda á að viðskipti (e. *market*

exchange) hafi verið til í fornöld, snemma á miðöldum og í Afríku til forna. Gjafaskipti eru því ekki eitthvað sem kom á undan viðskiptum og viðskipti eru ekki nýtt fyrirbæri sem tók við af gjafaskiptum. Gjafaskipti og viðskipti haldast í hendur, sérstaklega í nútímasamfélagi. Fólk heldur áfram að sinna þjónustu og framleiða vörur, án hagsbóta fyrir markaðinn eða án þess að verðgildi (mælt í peningum) komi þar nærri, til þess að gefa sem gjafir. Flest gjafaskipti fara fram sem gagnkvæmni, en gjafaskipti hvetja einnig til kaupa á vörum (Offer, 1997, bls. 450), þar sem gjafir eru stundum hlutir sem fólk kaupir og gefur síðan öðrum.

Eins og fram hefur komið fela gjafaskipti í sér þrjár skyldur; að gefa, að þiggja og að gefa til baka. Félagsleg samskipti, siðferðisleg og tilfinningaleg, eru búin til og haldið uppi með gagnkvæmum skiptum á gjöfum og þjónustu. Öfugt við vöruskipti, þar sem greitt er fyrir, eru gjafaskipti talin vera persónuleg skipti á gæðum. Vöruskipti koma á fót hlutlægu sambandi á milli þeirra sem skiptast á hlutum, en gjafaskipti stofna persónlegt samband milli þeirra sem framkvæma skiptin (Baldwin, 2009, bls. 384-385).

Í kenningu Gregory um vöruskipti (e. *commodity exchange*), heldur hann því fram að í vöruskiptum sé félagslegi þátturinn lágmarkaður og gerður ópersónulegur. Í bæði vöru- og gjafaskiptakerfum reynir fólk að gera sem mest úr einhverju: í gjafaskiptakerfum reynir fólk að gefa eins mikið og mögulegt er í því skyni að hámarka félagsleg tengsl en í vöruskiptum reynir fólk að hámarka peningalegan auð og eignir (Wilk & Cliggett, 2007, bls. 161).

Samkvæmt Wilk og Cliggett (2007) er hægt að líkja áherslu Mauss á gjöfina við áhyggjur og gagnrýni Marxismans á vörur (e. *commodities*) og vöruvæðingu (e. *commoditization*) samfélaga. Wilk og Cliggett (2007) segja að bæði Mauss og Marx hafi trúað því að kapítalisminn væri að eyðileggja hinn félagslega heim en þeir einblíndu á mismunandi þætti á breytingunum sem þeir sáu á honum. Vörur, frá Marxísku sjónarhorni, voru framleiddar fyrir viðskipti frekar en fyrir fólknið sem framleiddi vörurnar. Vörur eru frábrugðnar því sem einhver gerir til eigin nota, eða til þess að skiptast á við einhvern annan, í vissum skilningi, í gjafaskiptum eða vöruskiptum. Þess í stað framleiðir manneskja vöru til þess að fá peninga fyrir, framleiðandinn fær laun og er þá, samkvæmt Wilk og Cliggett (2007), sannfærður um að peningarnir sem hann eða hún fær sé sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu sína. En Marx (í Wilk & Cliggett, 2007) sagði

Þetta vera eins og einskonar sjónhverfingarbrella töframanns. Hann taldi að ekkert magn af peningum eða vörum keyptum á markaði gæti fullnægt þörfum starfsmanna vegna þess að það eina sem að þeir geta ekki keypt er frelsi til þess að stjórna sinni eigin vinnu og lífi (Wilk & Cliggett, 2007, bls. 160).

Í tengslum við gagnrýni Marx (í Wilk & Cliggett, 2007) á kapítalismann einblíndu mannfræðingar á gjafir og gjafaskipti í ókapítalískum samfélögum. Þar sáu þeir annars konar tegund af „neyslu“ eða hagkerfi þar sem áhersla var lögð á samfélagslega heild, siðferði og félagslegar hliðar framleiðslu og markaðsskipta. Gjafaskiptahagkerfi voru séð sem andstæða hins ópersónulega vöruframleiðandi kapítalíska kerfis sem Marx talaði um og fordæmdi. Gjafaskipti eins og þau sem voru túlkuð af fræðimönnum í upphafi tuttugustu aldar stóðu í algerrí mótstögn við kapítalískar hefðir vöruframleiðslu, kaup og neyslu, en voru samt einnig talin sönnun þess að „frumstæð“ samfélög væru líka með alvöru hagkerfi (Wilk & Cliggett, 2007, bls. 160).

Samkvæmt Hart (2007) lifum við á öld peninganna. Ef samfélög manna hafa einhverja samstöðu í dag þá er það um það sem oft er kallað „heimsmarkaður“ (e. *world market*). Peningar tákna félagsleg tengsl í kapítalískum samfélögum. Í anda frjálsbyggju er peningur vara (e. *commodity*) eins og allt annað; greiðslan leysir kaupanda og seljanda undan þeirri skyldu að þurfa að vera í áframhaldandi sambandi, þannig að bæði peningurinn og það sem keypt er fyrir hann er aðskilið frá eigendunum sem einkaeign (Hart, 2007, bls. 12-13).

Gjafir eru ekki alltaf hlutir, stundum gefur fólk peninga sem gjöf. En Offer (1977) heldur því fram að það séu margir tregir til þess að gefa peninga sem gjöf. Sumar gjafir lækka í gildi ef borgað er fyrir þær með peningum, til dæmis ást maka og vinátta, þannig að ef maður kaupir ást einhvers þá er ástin ekki raunveruleg og missir því gildi sitt. Aðrar hækka í gildi ef þær eru gefnar og því ókeypis, til dæmis skammtímalán, ráð sérfræðings, elduð máltíð eða notuð föt (Offer, 1997, bls. 454). Offer veltir því einnig fyrir sér afhverju peningur sé ekki góð gjöf en um leið og maður kaupir hlut fyrir peninginn og gefur þá er það orðið að góðri gjöf. Hann segir að peningagjöf sé alltof ópersónuleg, of mikið eins og laun (Offer, 1997, bls. 454).

3 Líffæragjöf

3.1 Líffæraígræðsla

Samkvæmt Embætti Landlæknis (2013) felst líffæragjöf í því að líffæri, til dæmis nýru, lungu, hjarta, bris og þarmar, „eru fjarlægð úr látinni manneskju og síðan grædd í sjúklinga með alvarlega bilun í þessum líffærum” (Embætti Landlæknis, 2013, bls. 1). Samkvæmt Embætti Landlæknis (2013) kemur stór hluti ígræddra nýrna frá lifandi gjöfum og í sumum tilfellum er hægt að nota hluta lifrar frá lifandi gjafa til ígræðslu (Embætti Landlæknis, 2013, bls. 1). Einnig er hægt að græða hornhimnu frá látnum gjafa í lifandi einstakling til þess að bæta sjón hans (Embætti Landlæknis, 2013, bls. 1). Árið 1954 var fyrsta árangursríka nýraígræðslan framkvæmd á Peter Bent Brigham sjúkrahúsinu í Boston af Joseph Murray og hans teymi þegar þeir fluttu nýra milli eineggja tvíbura (Margrét B. Andrésdóttir og Runólfur Pálsson, 2000). Snemma á sjöunda áratugnum, með tilkomu ónæmisbælandi lyfsins azatíoprín, varð nýraígræðsla milli óskyldra einstaklinga árangursrík og verulega dró úr höfnun ígræddra nýrna (Margrét B. Andrésdóttir og Runólfur Pálsson, 2000).

Undanfarna áratugi hefur nýrnabilun verið vaxandi heilbrigðisvandi á vesturlöndum og haft í för með sér mikla byrði og kostnað fyrir sjúklinga. Nýrnabilun á lokastigi krefst annað hvort skilunarmeðferðar eða nýraígræðslu. Nýraígræðsla er árangursríkasta meðferðarræðið og þrefaldar lífslíkur sjúklinga samanborið við skilunarmeðferð. Margir sjúklingar eiga ekki kost á ígræðslu vegna skorts á líffærum. Nýru fengust aðallega frá látnum gjöfum fyrst um sinn en lifandi gjöfum hefur fjölgað undanfarin ár. (Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Gyða Ásmundsdóttir, María Heimisdóttir, Eiríkur Jónsson og Runólfur Pálsson, 2009; Margrét B. Andrésdóttir og Runólfur Pálsson, 2000). Þar sem nýrun hafa mikla umframgetu er hægt að lifa eðlilegu lífi með aðeins eitt nýra (Félag nýrnasjúkra, 2002: bls. 7). Þegar líkaminn fær nýtt nýra reynir ónæmiskerfið að eyðileggja það og lítur á það sem aðskotahlut en þessa höfnun er hægt að bæla niður eða hindra með lyfjum. Nýrað myndi eyðileggjast á nokkrum vikum án þessara lyfja. Fyrstu þrjá mánuðina eftir ígræðslu fá um 20-30% sjúklinga bráða höfnun þrátt fyrir lyfjameðferð (Félag nýrnasjúkra, 2002: bls. 11). Talið er að æskilegast sé að líffæri komi

frá látnum gjöfum þar sem áhætta fylgir ígræðsluaðgerðinni. En vegna skorts á líffærum er farið að leita meira til lifandi líffæragjafa. Helstu kostir nýrnaígræðslu úr lifandi gjöfum eru að hægt er að tímasetja aðgerðina og lifun sjúklings er töluvert betri en eftir nýrnaígræðslu úr látnum gjafa. Lifandi gjafar eru oftast skyldir þeganum, til dæmis foreldrar, systkini eða jafnvel börn. Það er líklegra að vefjaflokkar passi saman milli líffræðilega skyldra einstaklinga og minni hætta er á höfnun og telst það því æskilegra að ættingi gefi nýra. En einnig hefur verið að aukast að græða nýru úr líffræðilega óskyldum einstaklingi, til dæmis maka eða vin. Mögulegt er að gefa nýra allt að sjötugu svo lengi sem nýrun starfi eðlilega (Sigurbergur Kárason, Runólfur Jóhannsson, Kristín Gunnarsdóttir, Páll Ásmundsson og Kristinn Sigvaldason, 2005; Margrét B. Andrésdóttir og Runólfur Pálsson, 2000; Félag nýrnasjúkra, 2002: bls. 7-9). Samkvæmt Félagi nýrnasjúkra (2002) er hægt að græða nýru í mjög ung börn og fá þau oftast nýra frá lifandi gjafa. Tíu kílógramma þungt barn getur venjulega þegið nýra frá fullorðnum (Félag nýrnasjúkra, 2002: bls. 23).

Árangur nýrnaígræðslu er yfirleitt góður og eru líffæraígræðslur taldar með mestu framförum læknisfræðinnar á seinustu öld (Sigurbergur Kárason, Runólfur Jóhannsson, Kristín Gunnarsdóttir, Páll Ásmundsson og Kristinn Sigvaldason, 2005). Samkvæmt Margrétu B. Andrésdóttur og Runólfi Pálssyni (2000) var eins árs lifun sjúklunga árið 1996 í Bandaríkjunum 98% eftir ígræðslu nýrna úr lifandi gjöfum og 96% hjá þeim er fengu nýru frá látnum gjöfum. Líffæraígræðsla bætir lífsgæði og getur bjargað lífi einstaklinga. Margir lifa eðlilegu lífi með ígrætt líffæri og geta stundað vinnu og líkamsrækt, og stundum geta konur með ígrætt líffæri eignast börn (Embætti Landlæknis, 2013: bls. 4).

3.2 Líffæragjöf á Íslandi

Fyrsta nýrnaígræðslan í Íslending fór fram í London 1970 þegar grætt var í nýra úr lifandi gjafa, en síðan þá hafa ígræðsluaðgerðirnar aðallega farið fram í Kaupmannahöfn, Gautaborg og Boston (Margrét B. Andrésdóttir og Runólfur Pálsson, 2000; Páll Ásmundsson, 2000). Árið 1973 voru svo fyrstu nýrun úr látnum einstaklingi, grædd í íslenska sjúklinga á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Um 140 líffæri hafa verið grædd í íslenska sjúklinga frá árinu 1970 (Páll Ásmundsson, 2000). Samkvæmt Embætti Landlæknis (2013, bls. 2) þarfnast um 25-30 sjúklingar hér á landi líffæraígræðslu á hverju ári. Hér á landi, sem og annars staðar, eru nýru þau líffæri sem eru oftast grædd í

sjúklinga (Velferðarráðuneytið, 2008: bls. 4). Samkvæmt Margréti B. Andrésdóttur og Runólfi Pálssyni (2000) hefur fjöldi nýrnaígræðslna farið vaxandi síðan fyrsta nýrnaígræðslan fór fram árið 1970. Einnig fjölgaði nýrnaígræðslum úr lifandi gjöfum og voru þær um 65% af öllum slíkum ígræðslum á síðasta áratug. Í lok ársins 1997 voru einstaklingar með ígrætt nýra 59 talsins og þar af voru 45 með nýra úr lifandi gjöfum. Einstaklingar með ígrædd nýru voru um 70% allra í meðferð vegna lokastignýrnabilunar (Margrét B. Andrésdóttir og Runólfur Pálsson, 2000). Um 70% ígræddra nýrna á Íslandi hafa komið frá lifandi gjöfum og er það með því hæsta sem þekktist. Árin 2005 og 2006 fengust 19 nýru frá lifandi gjöfum og 10 frá látnum gjöfum (Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Gyða Ásmundsdóttir, María Heimisdóttir, Eiríkur Jónsson og Runólfur Pálsson, 2009: bls. 747).

Scandiatransplant er Norræn stofnun sem sér um dreifingu ígræðslulíffæra á Norðurlöndunum. Hlutverk Scandiatransplant er að halda skrá um alla þá sjúklinga sem biða eftir líffæri til ígræðslu, fjölda líffæraígræðslna og aðrar upplýsingar um líffæragjafir. Scandiatransplant var stofnað árið 1969 og hafa Íslendingar verið meðlimir síðan 1972, en voru til að byrja með aðeins þiggjendur líffæra. Árið 1992 var gerður samningur við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg um ígræðslu nálíffæra og brottnám ígræðslulíffæra. Fyrsta líffæratakan varð svo árið 1993 (Páll Ásmundsson, 2000; Velferðarráðuneytið, 2010, bls. 3-4; Sigurbergur Kárason, Runólfur Jóhannsson, Kristín Gunnarsdóttir, Páll Ásmundsson og Kristinn Sigvaldason, 2005). Samkvæmt skýrslu Líffæraígræðslunefndar voru alls 1933 sjúklingar á biðlista eftir líffærum hjá Scandiatransplant í lok árs 2009, þar af biðu 1558 eftir nýra (Velferðarráðuneytið, 2010, bls. 5).

Vinnuhópur sem skipaður var árið 2007 af félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra, til að kanna stöðu lifandi líffæragjafa með tilliti greiðslna vegna tímabundinnar óvinnufærni eftir líffæragjöf, komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að bæta réttindi lifandi líffæragjafa og auka við þá stuðning. Þau töldu að reynslan hefði sýnt að einstaklingar sem lýstu sig tilbúna til að gefa nýra, treystu sér ekki til þess útaf fjárhagslegum ástæðum. Launamissir vegna fjarvista frá vinnu í kjölfar aðgerðarinnar var algengasta skýringin en einnig kostnaður vegna lækniþjónustu og ferðakostnaður (Velferðarráðuneytið, 2008: bls. 8). Þjóðfélaginu sparast mikið fé með

hverri líffæragjöf þar sem nýrnaígræðsla er ódýrari kostur en skilunarmeðferð og mikilvægt er að þegar betur hentar að notast við lifandi líffæragjafa við ígræðslu sé það gert. Vinuhópurinn telur einnig mikilvægt að ákvörðun einstaklings að gefa líffæri verði að helgast af fórnfýsi og velvilja og að fjárhagslegur ávinningur sé ekki fyrir hendi. En einnig er mikilvægt að líffæragjöf hafi ekki í för með sér fjárhagslega byrði fyrir gjafann (Velferðarráðuneytið, 2008: bls. 9). Á vorþingi 2009 samþykkti svo Alþingi lög nr 40/2009 um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Þar með eru líffæragjöfum tryggðar greiðslur í allt að þrjú mánuði (Velferðarráðuneytið, 2010, bls. 3).

3.3 Líffæri úr dýrum

Samkvæmt Ravelingien, Mortier, Kerremans og Braeckman (2004) er eftirspurnin eftir líffærum til ígræðslu að aukast og mun halda áfram vegna skorts á líffærum. Þar sem biðlistar eftir líffærum lengjast hafa sérfræðingar leitað nýrra leiða til að leita að ótakmarkaðri uppsprettu líffæra til ígræðslu. Hugtakið „xenotransplantation“ vísar til ígræðslu á frumum, vefjum eða líffærum úr einni (dýra)tegund í aðra (Ravelingien, Mortier, Kerremans & Braeckman: 2004, bls. 92). Sprangers, Waer og Billiau (2008) telja að notkun frumna eða vefja úr annarri dýrategund gæti dregið úr bilinu milli líffæraframboðs og -eftirspurnar. Jafnframt halda þau því fram að ígræðsla dýralíffæra í menn gæti mögulega leyst sífellt aukinn skort á líffærum til ígræðslu (Sprangers, Waer & Billiau, 2008: bls. 14).

Daar (1999) og Ravelingien, Mortier, Kerremans og Braeckman (2004) segja að í nútíma lífeðlisfræði hafa verið gerðar tilraunir til þess að græða líffæri dýra í menn síðan á fyrrihluta þessarar aldar, löngu áður en við vissum nokkuð um ónæmisfræðilegar hindranir sem liggja að baki ígræðslu almennt. Hingað til hafa slíkar aðgerðir verið á tilraunastigi og enn hafa ekki verið gerðar tilraunir á líffæraflutningi milli dýra og manna sem hægt er að kalla vel heppnaðar. Árið 1982, í Loma Linda, Kaliforníu, græddi teymi skurðlækna hjarta úr bavianu í ungabarn, Baby Fae, sem fæddist með vanþroska vinstra hjarta (e. *hypoplastic left heart syndrome*). Tæknilega þá tókst aðgerðin vel og barnið lifði í um það bil þrjár vikur áður en líkaminn hafnaði ígrædda hjartanu (Daar, 1999: bls. 54-55; Ravelingien, Mortier, Kerremans & Braeckman, 2004: bls. 92).

Þó svo að apar eða aðrir primatar gætu virst vera góð samsvörun við manneskjur eru svín talin vera hæfasti gjafinn. Líffæri svína eru lífeðlisfræðilega lík mönnum; þau eru

nokkurn veginn í sömu stærð, eru auðræktanleg og þau geta verið erfðabreytt til að henta til líffæragjafar (Daar, 1999: bls. 57; Sprangers, Waer & Billiau, 2008: bls. 14). Ígræðsla svínalíffæra í menn gæti verið lausn á líffæraskorti, en er enn sem komið er slíkt á tilraunastigi (Ravelingien, Mortier, Mortier, Kerremans & Braeckman, 2004: bls. 92).

Fyrri tilraunir til ígræðslu með dýralíffæri leiddu í ljós að það voru ónæmisfræðilegar hindranir á ígræðslu dýralíffæra í manneskjur. Undanfarna tvo áratugi hafa orðið miklar framfarir í að skilja ónæmisfræðilegar hindranir á ígræðslu svínalíffæra í menn. Rannsóknir í ónæmisfræðum hafa skilað sér í verulegri innsýn í rannsóknir á af hverju ónæmiskerfið hafnar dýralíffærinu, og hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir að ónæmiskerfið hafni því. Vísindamenn telja að hægt sé að vinna bug á höfnun með því að nota ný ónæmisbælandi lyf eða með frekari rannsóknum á erfðabreyttum dýralíffærum til ígræðslu, en enn sem komið er hefur þessu ekki verið náð. Það er því enn mjög vafasamt hvort erfðabreytt líffæri úr svínum muni einn daginn starfa í líkama manna (Sprangers, Waer & Billiau, 2008, bls. 14; Ravelingien, Mortier, Mortier, Kerremans & Braeckman, 2004, bls. 92-93).

Þar sem við getum ekki spáð fyrir um afleiðingar ígræðslu á erfðabreyttum svínalíffærum í menn verðum við að hafa í huga möguleikann á að útbreiðsla hættulegra og óviðráðanlegra smitsjúkdóma gæti átt sér stað (Ravelingien, Mortier, Kerremans & Braeckman, 2004, bls. 93). Fræðilega séð myndu þessi líffæri koma frá heilbrigðum dýrum, sem alin eru upp við hreinlegar aðstæður og ætti því að vera minni smithætta heldur en af mennskum gjafa, sem gæti verið smitaður af HIV eða lifrabólgu (Weiss, 2004, bls. 281; Purdy, 2000, bls. 248). Örugg og árangursrík ígræðsla með svínalíffæri myndi ekki aðeins leysa núverandi skort á líffærum, heldur myndi það einnig eyða hinni miklu fjárhagslegu og tilfinningalegu byrði sem fylgir löngum biðtíma eftir tiltæku gjafalíffæri og líffæri gætu verið tilbúin um leið og fólk þyrfti á þeim að halda. Forðast mætti erfiðar samræður um að finna líffæragjafa og það flókna fyrirkomulag sem nú er nauðsynlegt til að finna rétta gjafann væri óþarfi. Ígræðsla á líffærum úr dýrum þjónar þeim tilgangi að vera staðgengill fyrir líffæri úr mönnum, sem viðbót við líffæri úr mönnum og þar með draga úr skorti eða brúa bilið á milli, frekar en að vera eini valkosturinn um líffæri. Í þessu tilfelli myndi mörgum finnast það fráleitt að neita slíkum

björgunaraðgerðum ef það er talið mögulegt einn daginn (Ravelingien, Mortier, Kerremans & Braeckman, 2004, bls. 93; Purdy, 2000, bls. 248; Daar, 1999, bls. 58).

Þessi umfjöllun um ígræðslumöguleika og þá stöðu sem ríkir í dag á þessu sviði sýnir hve flókið þetta oft er og hve líffæraígræðsla er að mörgu leyti á tilraunastigi. Nauðsynlegt er að vita af þessu samhengi og bakgrunni líffæragjafa og –ígræðslna því þar er um líf og dauða að tefla í mörgum tilfellum, nokkuð sem gerir það að gefa og það að þiggja líffæri ekki aðeins afar tilfinningahlaðna athöfn og félagslega mjög merkingarbæra heldur líka heilsupólítíska og allt annað en einkamál gjafa, þiggjanda og fjölskyldna þeirra.

4 Líffæragjöf og gjafaskipti

4.1 Lifandi gjafar

Undanfarin ár hefur líffæraígræðsla, þá sérstaklega nýrnaígræðsla, orðið algeng aðgerð á spítölum og heilsugæslustöðvum út um allan heim. Á meðan eftirspurn eftir meðferð vegna líffæragjafar hefur aukist síðustu ár, hefur fjöldi gefinna líffæra haldist nánast óbreyttur. Á meðan sláandi framfarir í nýrnaígræðslu hafa skapað fordæmalausa eftirspurn eftir líffærum hafa auknar tækniframfarir á ígræðslutækni skapað hnattrænan skort á lífvænlegum líffærum (e. *viable organs*) (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 691; Scheper-Hughes, 2002, bls. 61). Samkvæmt Delmonico og Scheper-Hughes (2003) telja lækningar að líffæri úr látnum einstaklingum muni aldrei geta leyst viðvarandi skort á líffærum né vandamálinu sem stækkandi biðlistar sjúklinga sem þurfa á líffærum að halda eru. Þar af leiðandi hefur fjöldi líffæragjafa frá lifandi einstaklingum farið fram úr fjölda af ígræðslum frá látnum einstaklingum í Bandaríkjunum. Líffæri úr lifandi einstaklingi er miklu dýrari heldur en úr látnum einstaklingi og þar að auki eru ígræðslur stjarnfræðilega dýrar og oft ekki hægt að framkvæma vegna skorts á líffærum (Scheper-Hughes, 2002, bls. 65).

Kaufman, Russ og Shim (2009) og Scheper-Hughes (2007) benda á að fjöldi nýrnaígræðslna sem gerðar eru á fólki eldra en sextíuogfimm ára, bæði frá lifandi gjöfum og látnum, hafi aukist verulega á undanförunum áratug í Bandaríkjunum. Ígræðslur eru gerðar reglulega á fólki á sjötugsaldri og stundum jafnvel á fólki um áttrætt (Kaufman, Russ og Shim, 2009, bls. 18; Scheper-Hughes, 2007, bls. 509). Nýrnagjöf frá lifandi einstaklingum er að aukast og fer fram úr gjöfum frá látnum einstaklingum í Bandaríkjunum. Af þeim 15.135 nýrum sem voru ígrædd árið 2003 (meðal allra aldurshópa), voru 47 prósent frá látnum einstaklingum og 53 prósent frá lifandi einstaklingum. Mörg þeirra voru frá uppkomnum börnum viðtakendanna. Kaufman, Russ og Shim (2009) telja að nýrnagjöf frá lifandi gjöfum til eldri viðtakenda opni nýja vídd af hugmyndum um kynslóðatengsl og læknisfræðilega ábyrgð (Kaufman, Russ og Shim, 2009, bls. 18).

Kaufman, Russ og Shimm telja að þó svo að líffræðilegur skyldleiki sé ekki lengur mikilvægur vegna bættrar aðferðar, skiptir skyldleiki gríðarlega miklu máli þegar kemur að skyldurækni og ábyrgðarkennd einstaklinga gagnvart heilsu og langlífi fjölskyldumeðlims (eða vinar) með nýrnasjúkdóm á lokastigi. Makar, systkini og uppkomin börn eru yfirleitt fyrst til þess að bjóða fram aðstoð sína sem líffæragjafar þegar þau heyra að það sé þörf á nýju líffæri til þess að bjarga lífi sjúklingsins. Aðrir ættingjar, vinir og kunningjar bjóða sig einnig oft fram sem líffæragjafar (Kaufman, Russ og Shim, 2009, bls. 18-19). Kaufman, Russ og Shim (2009) segja að algengt sé að uppkomin börn (á fertugs-, fimmtugs- og sextugsaldri) séu að gefa foreldrum sínum (sem að eru þá á sjötugsaldri og eldri) nýru. Frændur og frænkur, makar, aðrir ættingjar og vinir gefa einnig nýru sín til eldri einstaklinga (Kaufman, Russ og Shim, 2009, bls. 19).

Í rannsókn Scheper-Huges (2007) gefa alþjóðleg gögn til kynna að það sé kynjaslagsíða á líffæragjöfum, þar sem konur eru líklegri gjafar. Samkvæmt Scheper-Hughes (2007) eru eiginkonur mun líklegri til þess að gefa maka nýra en eiginmenn, og árið 2006 í Bandaríkjunum voru 2.299 konur og 1.637 karlar lifandi gjafar sem gefið höfðu líffæri. Það eru einnig fleiri konur sem selja líffæri sín og karlar eru yfirleitt viðtakendur þessara keyptu líffæra (Scheper-Hughes, 2007). Scheper-Hughes (2007, bls. 508) segir að í staðinn fyrir að fagna „óeigingirni“ (e. *altruism*) kvenna um allan heim, ættum við að beina athygli okkar að þessum félagslega þrýstingi sem er settur á þær að vera líffæragjafar og því kynjamisrétti sem þar kemur í ljós.

Fox og Swazey (1992) telja að það séu ekki bara læknisfræðilegar ástæður sem að liggja að baki þegar að fólk ákveður að gefa nýra, heldur er það einnig táknræn merking þess að gefa sem veldur því að fjölskyldumeðlimir íhuga að gefa slíka gjöf. Gjafmildi fjölskyldumeðlima gerir það að verkum að þeir eru tilbúnir til þess að gefa úr sér líffæri til langveiks ættingja sem að þarf á líffærinu að halda. Meirihluti þeirra sem heyra af því að ættingja vanti nýra taka strax þá ákvörðun að bjóða sitt fram, jafnvel áður en búið er að skoða hvaða aðrir möguleikar séu í boði (Fox & Swazey, 1992, bls. 33).

4.2 Fjölskyldutengsl

Gill & Lowes (2008) segja að líffæragjafar gefi vegna þess að þá langar til þess og eins og rannsóknir hafa sýnt gera þeir það yfirleitt af óeigingjörnum ástæðum, það er að segja til þess að bæta heilsu ástvinnar. En það er umdeilanlegt hvort að hrein raunveruleg

óeigingirni (e. *altruism*) sé til, þar sem fólk hefur oft eigingjarnar ástæður fyrir því að gefa. Til dæmis þegar líffæragjafinn er maki viðtakandans er gjöfin oft samblanda af óeigingirni og eigin hagsmunum, þar sem framlag hans/hennar veitti þeim tækifæri til þess að endurheimta heilsu maka síns og þar af leiðandi bætt fjölskyldulíf þeirra og framtíðarhorfur (Gill & Lowes, 2008, bls. 1613-1614). Boas (2011, bls. 1379) segir hlutverk ígræðslulækna vera að skoða hvort gjöfin sé óeigingjörn (e. *altruistic*), það er að gjöfin sé ekki knúin af efnishyggju. Þar sem erfðafræðilegur skyldleiki lofar góðri samsvörun eru ættingjar helstu kándatar fyrir líffæragjöf.

Strathern (2012, bls. 400-401) segir að margir finni fyrir þrýstingi að gefa eða að þiggja líffæri frá öðrum fjölskyldumeðlimum. Það að biðja ættingja um líffæri skapar oft spennu, ósætti og blendnar tilfinningar eins og trega og sektarkennd hjá hugsanlegum gjafa. Svo er það hinn þrýstingurinn, sem kemur frá mögulegum viðtakanda sem vill ekki þiggja líffæri frá nánnum ættingja. Strathern segir frá konu sem vildi alls ekki þiggja nýra frá dóttur sinni en aðrir fjölskyldumeðlimir töluðu hana til þess. Henni fannst að hjálpin ætti að fara í hina áttina, frá foreldri til barns. En raunin er sú að oft eru það yngri fjölskyldumeðlimir sem þurfa að gefa þeim eldri. Margir líffæragjafar, bæði væntalegir gjafar og þeir sem höfðu þegar gefið líffæri, sáu gjöfina sem einfaldlega það að „gefa til baka“ til foreldris eða annarra ættingja allt það sem þau höfðu gert fyrir þá. Sumum viðtakendum finnst þeir svo skulda gjöfunum það að fara vel með líffærin þeirra (Strathern, 2012, bls. 400-401).

Samkvæmt Fox og Swazey (1992) eru nokkrar ástæður fyrir því að margir eru tregir til þess að þiggja líffæri að gjöf. Í fyrsta lagi, í þeim tilfellum þar sem líffæragjafinn er lifandi, gæti viðtakandinn ekki viljað að gefandinn, sem er kannski náinn ættingi, myndi þurfa að gangast undir þá miklu hættu sem aðgerðin hefur í för með sér. Þá gæti viðtakandanum einnig fundist að ef sambandið milli þeirra er stirt að það að taka við líffæri frá þessum einstaklingi myndi gera ástandið enn flóknara og tilfinngalega erfiðara. Í öðru lagi, hvort sem líffærið kemur frá lifandi ættingja eða látnum, ókunnugum einstaklingi getur það legið þungt á viðtakandanum að vita að gjöfin er svo stór að hann eða hún mun aldrei geta endurgoldið hana. Í þriðja lagi gæti viðtakandinn haft miklar áhyggjur eða verið kvíðinn yfir því að líffæri úr öðrum, þekktum eða ókunnugum einstaklingi, yrði ígrætt í hans líkama og líf (Fox & Swazey, 1992, bl.s 35).

Eða ef viðtakandinn skyldi deyja, hvernig myndi gefandanum líða vitandi það að hann eða hún gaf gallaða eða ófullnægjandi „gjöf lífsins” (Fox & Swazey, 1992, bls. 51)? Strathern (2012, bls. 403) telur að hætta verði á því að viðtakandanum gæti fundist hann verða að taka á móti líffærinu að gjöf vegna þess að einhvejum öðrum fyndist hann vera skyldugur til þess að gefa gjöfina. Einnig hafna viðtakendur oft tilboðum um líffæri frá ákveðnum fjölskyldumeðlimum vegna óyfirstíganlegra áhyggja af þeim. Margir vilja ekki biðja um líffæri eða þiggja boð um líffæri því þeir vilja forðast það að finnast þeir skuldugir gefandanum (Gill og Lowes, 2008, bls. 1614).

Fox & Swazey (1992) og Sharp (1995) segja að sambandið milli líffæragjafans og viðtakandans geti orðið mjög flókið. Það getur myndast ákveðin spenna og ágreiningur við gjafaskiptin (Fox & Swazey, 1992, bls. 51; Sharp, 1995, bls. 372). Í sumum tilfellum, þar sem um er að ræða nýrnaígræðslu frá lifandi gjafa, sem er jafnframt ættingi viðtakandans, finnst ættingjum stundum eins og að þeir hafi einhvern „eignarrétt” á heilsu, vinnu og einkalífi viðtakandans á þeim forsendum að þetta sé nú einu sinni þeirra nýra þarna inni (í líkama hins). Viðtakandanum gæti þá einnig fundist hann standa í svo mikilli þakkarskuldburð við gefandann að hann eða hún myndi ekki þora að slíta sambandi við viðkomandi (Fox & Swazey, 1992, bls. 40; Sharp, 1995, bls. 380). Sharp (1995) segir frá konu sem fékk nýra frá bróður sínum og eftir það breyttist samband þeirra á hátt sem að enginn annar í fjölskyldunni gat skilið. Allir í fjölskyldu þeirra töluðu um nýrað sem nýra bróður hennar, þó svo að það hefði verið í líkama hennar næstum hálfu ævi hennar. Bróðir hennar lét hana líka vita ef að hann taldi að hegðun hennar gæti haft áhrif á nýrað, eins og til dæmis þegar hún byrjaði að reykja það hann hana um að hætta (Sharp, 1995, bls. 372).

4.3 Þung byrði

Samkvæmt Gill og Lowes (2008) hefur því iðulega verið haldið fram að líffæraígræðsla gæti átt margt sameiginlegt með gjafaskiptum, sérstaklega í „vestrænum” samfélögum þar sem gjafaskipti eru byggð á gjöfum af fúsum og frjálsum vilja, samkvæmt þeim. Hugmyndir um „gjöf lífsins” hafa haft mikil áhrif á auglýsingaherferðir um líffæragjöf vegna þess að hin augljóslega óeigingjarna athöfn að gefa líffæri gæti gerbreytt og jafnvel bjargað lífi einhvers sem er alvarlega veikur. Þegar áherslan er á líffærið sjálft er auðvelt að tengja það við hugtakið „gjöf”, þar sem líffærið er gefið á svipaðan hátt og

þegar að við gefum gjöf (Gill & Lowes, 2008, bls. 1608). Boas (2011) tekur í sama streng og segir að almenn gjafaskipti eiga margt sameiginlegt með líffæragjöf. Það sem að er mest áberandi í þessu samhengi eru líkindin á milli hugmynda um „gjöf lífsins“ í líffæragjöf og hinnar klassísku rannsóknar Mauss á gjafaskiptum í „frumstæðum“ samfélögum (e. *archaic societies*). Þegar Mauss hélt því fram að það „að gefa eitthvað er að gefa hluta af sjálfum sér“ átti hann við þau andlegu einkenni gjafarinnar, kallað *hau*, þar sem skyldan til þess að gefa til baka eykur félagsleg tengsl. En Samkvæmt Boas (2011) þá er auðveldlega hægt að færa þá hugmynd yfir á líffæraígræðslu (Boas, 2011, bls. 1379).

Ólíkt þeirri skyldu að gefa til baka þegar um venjuleg gjafaskipti er að ræða er það að gefa ekki til baka almenna reglan í líffæragjöf. „Gjöf lífsins“ er gjöf sem sem getur ekki verið endurgoldin með jafngildri gjöf eða betri (Boas, 2011, bls. 1380). Strathern (2012) telur að skuldin sem verði til við gjafaskiptin sé byrðin, hún heldur því fram að fólk finni fyrir þungri byrði vegna þess að það veit að það getur aldrei borgað til baka (Strathern, 2012, bls. 401-403). Strathern (2012) segir líffæragjöf vera þá eins konar viðskipti þar sem ekki er gert ráð fyrir endurgjöf, en bæði líffæragjafar og viðtakendur hafa talað um að þeim finnist oft eins og að það vanti eitthvað. Strathern telur að það sem vanti sé endurgjöfin, það að borga til baka, en það er í fjarveru hennar sem tilfinningin um skuld kemur fram (Strathern, 2012, bls. 398). Offer (1997) segir að eina leiðin til þess að losna undan þessari þungu byrði sé með því að gefa til baka (Offer, 1997, bls. 455). Bæði Fox og Swazey (1992) og Gill og Lowes (2008) hafa fjallað um það hvernig líffæragjöfin hafi áhrif á viðtakandann þannig að honum finnist hann vera skuldugur gagnvart gefandanum. Þar af leiðandi, eins og í hefðbundnum gjafaskiptum, finnst viðtakendum þeir vera skyldugir til þess að gefa til baka fyrir það sem þeim var gefið. Þessi sálfélagslega og siðferðislega byrði er sérstaklega þungbær þegar fólk fær líffæri að gjöf þar sem gjöfin er þess eðlis að nær ómögulegt er að endurgjalda hana. Gjöfin á sér ekkert efnislegt eða táknrænt jafngildi og fjárhagsleg endurgreiðsla fyrir líffæri er bönnuð með lögum í flestum löndum. Þannig festast gefandinn og viðtakandinn í gagnkvæmum fjötrum í einhverskonar sambandi kröfuhafa og skuldara. Þetta fyrirbæri hefur verið kallað „kúgun gjafarinnar“ (e. *the tyranny of the gift*) (Fox og Swazey, 1992, bls. 40; Gill og Lowes, 2008, bls. 1609).

Það að gefa og þiggja eru óhjákvæmilegar athafnir við líffæraígræðslu. En í tilvikum þar sem gefandinn er lifandi er ekki á hreinu hvort að gagnkvæmni eða endurgjöf eigi sér stað á fullnægjandi hátt fyrir bæði gefanda og þiggjanda. Eins og fram hefur komið er það að fá líffæri að gjöf óendurgjaldanlegt, því erfitt væri að finna gjöf sem væri samsvarandi því sem var gefið. Þess vegna gætu viðtakendur upplifað ýmis sálfélagsleg vandamál eins og til dæmis sektarkennd og ójafnrétti (Gill og Lowes, 2008, bls. 1614).

Í sumum samfélögum, þar sem gjafaskiptakerfi eru mjög flókin, er fólk hrætt við það að fá stóra og mikilfenglega gjöf sem getur verið niðurlægjandi fyrir viðtakandann sem getur ekki með nokkru móti endurgoldið gjöfina. Með því að breyta „gjöfinni“ í „vöru“ yrði byrði skuldarans hins vegar þurrkuð út (Scheper-Hughes, 2007, bls. 509). Strathern tekur í sama streng og segir það vera í fjarveru peninga sem að þörfin til þess að gefa til baka kemur. Peningaviðskipti myndu þá koma í staðinn fyrir gagnkvæmni (Strathern, 2012, bls. 401). Delmonico og Scheper-Hughes (2003) segja að hugmyndin um líffæragjöf sem „gjöf“ sé hverfandi í mörgum löndum þar sem greiðsla fyrir nýru frá lifandi gjöfum er orðið að arðsömum viðskiptum fyrir einkareknar heilsugæslustöðvar sem koma til móts við auðuga ríkisborgara og erlenda sjúklinga. Þar af leiðandi er líffæraígræðsla þar sem notuð eru keypt nýru af ókunnugum að koma í staðinn fyrir það að fólk gefi líffæri sín án endurgreiðslu (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 690). Harrison (1999, bls. 26) telur að líffæri manna hafi alltaf haft notagildi, en að þau hafi hinsvegar aðeins nýlega, vegna hnattvæðingarinnar, fengið sölugildi.

5 Líffæramarkaðir

5.1 Líffæratúrismi

Í grein Harrison (1999) „Globalization and the trade in human body parts” segir hann að frá því snemma 1980 hafa bæði fjöldi og fjölbreytni líffæraígræðsla aukist gríðarlega. Nokkrir einstaklingar gripu tækifærið til þess að búa til viðskiptamarkað fyrir líffæri, með líffærum fengnum frá líffæragjöfum frá „bróunarríkjum” (Harrison, 1999, bls. 32). Þá hafa menn uppgötvað nýjan og stóran „markað” af ígræðanlegum líffærum í heiminum meðal fátækra og flóttamanna. Hið hnattræna hagkerfi (e. *global economy*) hefur getið af sér stóran „forða” af fátæku og örvæntingafullu fólki sem er reiðubúið til þess að gefa nýra í skiptum fyrir mat, vinnu, skjól, læknishjálp fyrir sig eða aðra fjölskyldumeðlimi og til þess að koma sér úr skuldavanda. Svokallaðir líffæramiðlarar, sem sumir hverjir starfa á internetinu, notfæra sér örvæntingu bæði líffæra kaupenda og líffærasala (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 691-692; Scheper-Hughes, 2002, bls. 61-62). Markaðir þar sem líffæri og aðrir líkamshlutar eru seldir hafa breikkað bilið milli norður- og suðurhluta heimsins, milli ríkra og fátækra. Læknisfræðileg aðskilnaðarstefna hefur myndast sem skiptir heiminum í tvo hópa; líffæragjafa og líffæraviðtakendur. Vandamálið við þessa markaði samkvæmt Scheper-Hughes (2002) er að þeir gera lítið úr fólki og líta á líffæri sem vörur sem hægt er að kaupa, selja, skipta á og stela. Hvergi er þetta jafn sýnilegt eins og á markaði fyrir líffæri og vefi. Hugmyndir um heilleika líkamans, það er að líkaminn sé ein heild, og mannlega virðingu og reisn hafa vikið fyrir hugmyndum um deilanlegan, hlutgerðan líkama og líffæri sem vörur (Scheper-Hughes, 2002, bls. 61-62).

Leitin að lifandi gjöfum er drifin áfram af örvæntingafullum og efnuðum sjúklingum sem heyra frá læknum sínum, af reynslu annarra og nýlegum skýrslum í læknisfræðinni, að líffæri frá lifandi gjöfum bjóði upp á „mestu gæðin” og bestu batahorfurnar. Þannig eru æ fleiri sjúklingar tilbúnir til þess að ferðast, stundum langar vegalengdir, til þess að tryggja sér líffærin sem þau þurfa (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 691). Scheper-Hughes (2002) telur að hnattrænn kapítalískur markaður (hið hnattræna hagkerfi) og háþrúð læknisfræði hafi kynt undir löngun í húð, bein, blóð, líkamsvefi, beinmerg og æxlunar- og erfðaefni annarra (Scheper-Hughes, 2002, bls. 64). Líffæri úr

látnum einstaklingum eru ekki lengur fyrsta val. Síðasta áratug hefur verið gríðarleg breyting um allan heim á útvegum og notkun á líffærum frá lifandi einstaklingum (sem geta gefið eitt nýra, hálfu lifur, eða lungnablað af öðru lunganu). Það er litið á þetta sem einu lausnina á langvarandi skorti á líffærum til ígræðslu og leið til þess að til að stuðla að langlífi ígræddra líffæra. Samkvæmt Scheper-Hughes (2002, bls. 72) er helmingur allra ígræðslna í Bandaríkjunum nýrnaígræðslur frá lifandi gjöfum. Hún segir frá manni sem vildi alls ekki fá nýra úr látnum gjafa. Hann vildi meina að nýrað væri dautt og fannst tilhugsunin um það að setja líffæri látins manns í sig vera ógeðsleg. Svo hann valdi betri leið og keypti nýra af manni frá Austur-Evrópu sem var ungur, sterkur og heilbrigður, akkúrat það sem að hann vonaðist eftir (Scheper-Hughes, 2002, bls. 72).

Skortur á líffærum hefur drifið áfram nýja tegund af viðskiptum, ígræðslutúrisma (e. *transplant tourism*) (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 692; Scheper-Hughes, 2002, bls. 68). Íbúar Japan, Kuwait, Saudi Arabíu, Oman, Ísrael, Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku ferðast í sérsniðnum eða skipulögðum pakkahópförum til heilsugæslustöðva á Indlandi, Kína, Filippseyjum, Suður-Ameríku, Tyrklandi og Austur-Evrópu til þess að kaupa nýru sem eru ekki fánleg löglega í þeirra löndum. Þessar ferðir flytja auðuga sjúklinga frá Ísrael, Saudi Arabíu og Persaflóaríkjunum til nærliggjandi landa, þar á meðal Tyrklands, Rússlands og Írak, þar sem einstaklingar eru fengnir frá fangelsum, atvinnuleysisstofnunum, flóamörkuðum, verslunarmiðstöðum og fátækrarhverfum fyrir innflytjendur og flóttamenn, til þess að selja nýrun sín (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 691- 692).

Delmonico og Scheper-Hughes (2003) greina frá því að í Kína hafi orðið til arðbær gerð af ígræðslutúrisma, með þátttöku kínverskra lækna og fanga. Fangar á dauðadeild voru undirbúnir fyrir skurðaðgerð mínútum fyrir aftöku og aftakan var skipulögð á sama tíma og fyrirframgreiddar ígræðsluferðir. Á Indlandi er það að skipta á nýra fyrir heimanmund leið fyrir foreldra til þess að skipuleggja hjónaband fyrir dóttur sem er efnahagslega illa stödd. Einnig gefa verkamenn á Suður-Indlandi nýra sitt í skiptum fyrir atvinnuöryggi. Bandaríkin hafa ekki verið undanskilin frá þessum hnattrænu viðskiptum. Ígræðslu-„túrisma“-ferðir, skipulagðar að mestu leyti í Mið-Austurlöndum, hafa beint einstaklingum á heilsugæslustöðvar í Bandaríkjunum í ígræðslu þar sem notuð eru nýru

sem keypt eru af fólki sem segist vera ættingar og vinir viðtakandans (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 692).

5.2 Auðæfi og örbirgð

Scheper-Hughes (2002, bls. 70) telur að hnattvæðingin hafi skapað nýja tegund af þrældómi, þar sem nýrað gegnir lykilhlutverki sem veð (e. *collateral*). Nýrað er síðasta efnahagslega úrræðið, síðasti valkostur þess sem þarf á peningum að halda. Þó svo að líffæraígræðsla hjálpi þeim sem þurfa á nýju líffæri að halda er þetta samkomulag ekki gott fyrir alla, sérstaklega í ljósi þess að flest líffæri eru fengin með valdi frá þeim sem minna mega sín og ekki geta varið sig (til dæmis fangar, fátækir og ólæsir). Oftast koma „viðtakendur“ þessara líffæra frá öðrum löndum heldur en þeim sem líffærið kemur frá (Harrison, 1999, bls. 22). Dreifing líffæra fer almennt frá hinu hnattræna suðri til norðurs, frá fátækum til ríkra, frá dökkum á hörund til ljósra á hörund og frá konum til karla. Heilu svæðin eru þekkt í ígræðsluheiminum sem „nýrna-belti“ vegna þess svo margir sem koma þaðan eru viljugir eða neyðast til þess að selja „auka“ nýrað sitt (Scheper-Hughes, 2002, bls. 70). Staðreyndin er sú að þeir sem selja líffæri sín eru oftast fátækir eða heimilislausir, „val“ þeirra er mótað af félagslegum og efnahagslegum aðstæðum þeirra. Á sama hátt koma líffæri þeirra sem eru „stolin“ yfrleitt einnig frá hinum fátæku (Harrison, 1999, bls. 32). Harrison (1999, bls. 32) segir að í auknum mæli þurfi hinir auðugu ekki að lengur að stela líkamshlutum af hinum fátæku heldur geta þeir einfaldlega keypt þá á löglegan hátt. Þetta telur Harrison (1999) vera afleiðingu hnattvæðingarinnar. Eftirspurnin eftir líffærum heldur áfram að fara fram úr framboði og mun líklega aukast með frekari tækniframförum (Harrison, 1999, bls. 33). Scheper-Hughes (2002, bls. 70) segir í grein sinni að flestir þeirra sem selji nýrað úr sér geri það vegna fjárhagserfiðleika. Peningurinn fyrir nýrað endist fólki skammt og margir myndu gera þetta aftur fyrir meiri pening, ef aðeins þau hefðu fleiri nýru til að selja, þá væri allt betra.

Samkvæmt Scheper-Hughes (2002, bls. 68) sýna rannsóknir á þessu sviði að ný tegund af aðskilnaðarstefnu hefur myndast innan heilbrigðiskerfisins, þar sem ein stétt af sjúklingum, líffæraviðtakendur, nýtur forréttinda fram yfir aðra stétt af óþekktum sjúklingum, líffæragjöfum, sem nánast ekkert er vitað um. Sala líffæra hefur orðið til þess að illa settir einstaklingar og jafnvel heilar þjóðir eru lækkaðar niður í hlutverk

„birgja“ (Scheper-Hughes, 2002, bls. 65). Ekki er komið fram við líffæragjafa (bæði lifandi og látna) sem fólk heldur eins og birgðasala (Scheper-Hughes, 2002, bls. 75).

Þegar lifandi einstaklingar sem eru fátækir og fastir í lífshættulegu umhverfi, selja líffæri sín, standa þeir frammi fyrir erfiðum bata án aðgangs að lækniþjónustu (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 695). Scheper-Hughes (2002) telur að í raun og veru geti fátækir ekki „lifað“ með eitt nýra. Þeir gjafar sem búa í fátækrahverfum eða í fangelsum standa frammi fyrir ýmsum þáttum sem ógna heilsu þeirra og öryggi (eins og til dæmis ofbeldi, slys og smitsjúkdómar) og getur það stofnað eina nýranu sem þau eiga eftir í hættu (Scheper-Hughes, 2002, bls. 77). Margir af þeim sem selja nýra sitt hafa ekki efni á fara til lækni eða á heilsugæslustöð eftir ólöglegar skurðaðgerðir og ef alvarlegt vandamál kemur upp þá geta þeir ekki greitt fyrir meðhöndlun eða nauðsynleg lyf (Scheper-Hughes, 2002, bls. 76).

Samkvæmt Scheper-Hughes (2002) er samúð í garð ígræðslusjúklinga en ekki líffæragjafa, þar sem þjáning þeirra síðarnefndu er að mestu leyti falin almenningi. Fáir viðtakendur líffæra vita neitt um áhrif aðgerðarinnar á gefandann. Sú staðreynd að margir líffæragjafar hafa annað hvort látist strax eftir skurðaðgerðina, eða þurfa sjálfir á nýra að halda seinna á lífsleiðinni, hljómar eins og viðvörunarbjalla og áminning um að það að fjarlægja líffæri er ekki áhættulaus aðgerð. Líffæramiðlarar, eins og aðrir miðlarar, reyna að halda líffærakaupendum og seljendum aðskildum. Mögulegir líffæraviðtakendur gætu viljað íhuga að hætta við þar sem að aðgerðin krefst svo mikils af gefandanum (Scheper-Hughes, 2002, bls. 75-77). Hún kostar hann jafnvel lífið.

Delmonico og Scheper-Hughes (2003, bls. 696) benda á að læknar ættu að fylgjast betur með hvaða ástæður liggja að baki líffæragjafarinnar og vera fullvissir um að líffæragjöfin sé gefin af fúsum og frjálsum vilja og án þvingunar. Áhættu og ávinningi af líffæraígræðslunni þarf að vera dreift jafnara meðal og innan þjóða, kynja og stétta (Delmonico og Scheper-Hughes, 2003, bls. 696; Scheper-Hughes, 2002, bls. 79).

5.3 Líffærasala

Íran er eina landið í heiminum sem hefur einhverskonar skipulagt kerfi fyrir líffærasölu. Þrátt fyrir að kaup og sala á líffærum sé ólögleg í flestum löndum hefur hugmyndin um líffærasölu til að draga úr líffæriskorti verið að hasla sér völl. Þar sem eftirspurnin eftir líffærum fer langt framúr framboði eru þetta sannfærandi rök (Shetty, 2009, bls. 1315-

1316). Erin og Harris (2003) telja að á meðan líf fólks er í hættu vegna skorts á líffærum til sölu verðum við að íhuga alla möguleika sem kunna að bæta upp skortinn. Markaður með líffæri frá lifandi gjöfum er einn slíkur valkostur (Erin & Harris, 2003, bls. 137). Tillögur um greiðslu fyrir líffæri, jafnvel frá látnum gjöfum, hafa verið harðlega gagnrýndar á nokkrum forsendum. Ein sú algengasta er að greiðsla fyrir líffæri sé „siðlaus“ vegna þess að það feli í sér „vöruvæðingu“ líkamshluta (Becker & Elías, 2007, bls. 25). Til eru nokkur fordæmi fyrir markaðsvæðingu (e. *commercialization*) á líkamshlutum manna, til dæmis staðgöngumæðrun eða þegar konur selja eggin sín (Shetty, 2009, bls. 1315; Becker & Elías, 2007, bls. 25; Erin & Harris, 2003, bls. 137). Boyer (2012) segir þá sem eru á móti því að líffærasala verði leyfð telja vöruvæðingu líkamans (e. *commoditization of the body*) hafa ómanneskjuleg áhrif á sýn fólks á aðra og geri lítið úr merkingu þess að vera „mannlegur“. Enginn greinarmunur er þá gerður á fólki og hlutum, líffæri verða einfaldlega vara (e. *commodity*) sem hægt er að kaupa og selja á markaðstorginu. Hætt er við því að ef við förum að setja verðmiða á líffæri myndu einstaklingar líta svo á að annað fólk hefði mælanlegt verðgildi. Þar af leiðandi yrði gildi manneskjunnar einfaldlega summa allra (líkams)hluta hennar (Boyer, 2012, bls. 329).

Þrátt fyrir öll peningaviðskiptin sem eiga sér stað fyrir líkamsvefi og líffæri mega líffæragjafar ekki þiggja neinar greiðslur fyrir. Þar af leiðandi komast lækna upp með að hækka verð á þjónustu sinni til þess að ná verðgildi líffærisins (Boyer, 2012, bls. 314). Jafnvel þó svo að sala á líffærum sé óheimil samanstendur leiðin frá gjafa til viðtakanda af fjölda peningagreiðslna. Á meðan gjafinn gefur líffærið endurgjaldslaust þá setja lækna sem fjarlægja líffærið, spítalinn þar sem að aðgerðin er gerð, fyrirtækið sem sér um að flytja líffærið og aðrir sem eiga einhvern þátt í því að meðhöndla líffærið allir gjöld á líffærið (Boyer, 2012, bls. 319). Þannig að þó svo að lögin komi í veg fyrir sölu á líffærum þá mun viðtakandinn samt enda með að þurfa að borga fyrir það (Boyer: 2012, bls. 332). Boyer (2012, bls. 314) telur að líffæragjafinn, sem réttmætur eigandi líffærisins, eigi rétt á því að taka þátt í þessum iðnaði. Þá myndu fátækir einnig hafa aðgang að verðgildi líffærisins og myndu ekki missa það til lækna og spítala við afhendingu (Boyer, 2012, bls. 337). Samkvæmt Delmonico og Scheper-Hughes (2003) benda stuðningsmenn líffærasölu á það að allir í líffæraígræðsluferlinu (aðrir en lifandi líffæragjafar eða í tilfellum þar sem skyldmenni gefur leyfi fyrir líffæragjöf hins látna) fá

borgað á einhvern hátt. Þeir sem eru á móti peningagreiðslum fyrir líffærum svara með því að benda á að það að greiða laun til lækna og starfsfólks og spítala sé ekki það sama og að borga peninga fyrir líffæri. Aðrir berjast fyrir líffærasölu vegna þess að þeir hafa frjálshyggjulega sýn sem segir að það að hafa sjálfræði sem einstaklingur skipti mestu máli, þar með talið frelsið til þess að kaupa eða selja líffæri. Í þessum viðskiptum er litið á líkamann sem verðmæta vöru sem tilheyrir einstaklingunum og sem þeir geta ráðstafað eins og þeir vilja (Delmonico & Scheper-Hughes, 2003, bls. 692-693).

Boyer (2012) segir að algengasta röksemdafærslan gegn lögleiðingu á sölu líffæra sé sú að ef líffærasala yrði leyfð, þá væru viðtakendur líffæra aðallega efnað fólk. Þetta myndi verða til þess að fátækir myndu útvega líffæri fyrir þá efnameiri, en vegna fátæktar ættu þeir ekki möguleika á að kaupa þau sjálfir þótt þeir þyrftu á því að halda. Þar af leiðandi er hvatinn fyrir líffærasölunni knúinn áfram af nauðsyn, vegna fjárhagsvanda og gæti neytt fólk til þess að selja líffæramiðlurum líffæri ódýrt. Slík viðskipti myndu breikka bilið milli ríkra og fátækra (Boyer, 2012, bls. 327-328). Scheper-Hughes (2002) tekur í sama streng og segir að rök sem hafa verið færð fyrir því að hver og einn eigi að hafa val um að selja líffæri sín eða aðra líkamshluta séu byggð á „vestrænum“ hugmyndum um „val“ einstaklinga. En þegar að fátækir einstaklingar „velja“ það að selja nýrað úr sér er það ekki „frjálst“ og „sjálfstætt“ val heldur neyðast þeir til þess. Hugmyndin um samþykki er vafasöm þegar að einstaklingur á engra annarra kosta völu en að selja líffæri sitt (Scheper-Hughes, 2002, bls. 78). Einnig hefur verið lagst gegn sölu á líffærum vegna þess að það væru helst fátækir einstaklingar sem myndu selja líffæri sín. En ættu fátækir einstaklingar að vera sviptir tekjum sem þeir þurfa á að halda, sérstaklega þegar líffæri þeirra gæti bjargað lífi einstaklings sem þarf lífsnauðsynlega nýtt líffæri (Becker & Elías, 2007, bls. 26)? Samkvæmt Becker og Elías (2007) eru þeir allra fátækustu ekki hæfir líffæragjafar og líffærum þeirra sem nota eiturlyf, eða eru með lifrabólgu eða aðra alvarlega sjúkdóma yrði hafnað þar sem það væri of mikil áhætta fyrir viðtakendur. Þannig myndu aðeins heilbrigðir fátækir eða miðstétt í raun útvega flest líffæri fyrir lifandi líffæraígræðslu (Becker & Elías, 2007, bls. 26). Þeir sem eru hlynntir því að sala á líffærum verði lögleidd finnst það móðgandi þegar að fólk heldur því fram að það að leyfa greiðslu fyrir líffæri myndi neyða fátækt fólk til þess að selja líffæri sín. Þeir telja að það að banna sölu á líffærum á siðferðislegum forsendum til þess að koma í veg fyrir slík tilfelli, líti fram hjá mikilvægri

staðreynd: fyrir þann sem þarf peninga til þess að fæða börnin sín eða til þess að greiða fyrir læknishjálp fyrir foreldri sitt er það að það eiga ekki möguleika á að selja líffæri sín verra heldur en það að selja það (Fox & Swazey, 1992, bls. 71).

Erin og Harris (2003) telja að hægt væri að stofna líffæramarkað þar sem líffæri væru seld löglega. Markaðurinn gæti verið bundinn við ákveðið svæði eins og til dæmis Þjóðríki eða jafnvel Evrópusambandið. Aðeins þeir sem búa innan sambandsins eða ríkisins gætu selt líffæri inn í kerfið og þegið þaðan líffæri. Þannig myndu seljendur vita að þeir væru að leggja sitt af mörkum til kerfis sem myndi nýtast þeim og fjölskyldum þeirra og vinum. Það væri kannað hvort að líffærin væru sýkt af smitsjúkdómum, og einnig væri strangt eftirlit til að koma í veg fyrir misnotkun og ekki væri hægt að kaupa líffæri ódýrara frá öðrum löndum (Erin & Harris, 2003, bls. 137). Hugmynd Erin og Harris minnir helst á Scandiatransplant, sem fjallað var um fyrr í ritgerðinni (bls. 17), nema að því leyti að þarna er um líffærasölu að ræða. Shetty (2009) telur að hægt væri að koma á einhverskonar kerfi þar sem í staðinn fyrir að greiða peningaupphæð til líffæragjafa gætu þeir fengið styrki, eins og til dæmis fría sjúkratryggingu, frí skólagjöld fyrir háskólanám háskólagjöld eða skattalækkunir (Shetty, 2009, bls. 1315).

Samkvæmt Boyer (2012, bls. 330) er líffæragjöf í eðli sínu „gjöf lífsins“ og hefur því óendanlegt (verð)gildi. Peningagreiðsla fyrir þessa gjöf myndi draga úr þessu ómælanlega gildi lífsins. Allt annað en „gjöf lífsins“, það að gefa líffæri án endurgjalds, myndi eyðileggja þá hugmynd að lífið sé ómetanlegt (Boyer, 2012, bls. 313). Schepers-Hughes (2002, bls. 78) telur að það að setja verðmiða á líkamshluta eða líffæri – jafnvel þó að það sé sanngjarnt verð – sé að notfæra sér örvæntingu fátækra og breytir neyð þeirra í tækifæri fyrir hina efnameiri. Fox og Swazey (1992) taka fram að þeir sem aðhyllast þá hugmynd að einstaklingar hafi rétt á því að selja líffæri sín hafi ekki látið sig varða um það hvernig hægt væri að bæta þær snauðu aðstæður sem að fólk býr við, svo að þeim myndi ekki finnast þau neyðast til þess að grípa til þessa „valkosta“ (Fox & Swazey, 1992, bls. 71).

6 Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég skoðað kenningar mannfræðinnar um gjafaskipti og hvernig hægt er að yfirfæra þær hugmyndir yfir á líffæragjöf. Það var Mauss sem hélt því fram að gjöf væri alltaf háð endurgjöf en í líffæragjöf er skuldin svo stór að erfitt eða ómögulegt er að endurgjalda slíka gjöf. Ólíkt þeirri skyldu að gefa til baka þegar um hefðbundin gjafaskipti er að ræða er það að gefa ekki til baka almenna reglan í líffæragjöf. Líffæragjöfin gerir viðtakandann svo skuldbundinn og viðkomandi veit að hann/hún mun aldrei geta borgað til baka og mörgum finnst það mikil byrði að bera. Það er áhugavert að sjá hversu mikið tilfinningar spila inn í gjafaskiptin miðað við vöruskipti sem eru ópersónuleg. Eins og komið hefur fram þá er gjöfin boð um áframhaldandi samband milli gefanda og þiggjanda og er aldrei án skilyrða. Þannig er að þegar einhver gefur líffæri þá er það auðvitað ekki heldur án skilyrða. Það munu alltaf vera tengsl milli gjafans og viðtakandans og viðtakandinn stendur að vissu leyti í eilífri þakkarskuld. Gjöfin á sér ekkert efnislegt eða táknrænt jafngildi og fjárhagsleg endurgreiðsla fyrir líffæri er bönnuð með lögum í flestum löndum. Það sem fólki þykir óþægilegt er að geta ekki borgað til baka á viðeigandi máta, eins og í vöruskiptum þar sem peningagreiðsla leysir kaupanda og seljanda undan þeirri skyldu að þurfa að vera í áframhaldandi sambandi. Það má því segja að peningar komi í staðinn fyrir gagnkvæmni/endurgjöf, þó þeir geri hluti ópersónulegri. Þegar þriðji aðili bætist í myndina, líffæramiðlari eða stofnun sem sér um allt ferlið milli gjafa og þiggjanda, er ekki hægt að segja að líffærið sé gjöf heldur er um viðskipti að ræða.

Það má því velja fyrir sér hvort að líffæri ættu frekar að vera „vara“ heldur en „gjöf“. Kostirnir við það væru að þá myndi hugmyndin um skuld og byrði og sú tilfinning að geta aldrei endurgoldið gjöfina hverfa. En á hinn bóginn hefðu þá aðeins þeir ríkustu efni á líffærum og hinir fátæku myndu líklega „þjóna“ hinum ríku með því að selja líffærin sín – hjálpin færi alveg örugglega sjaldan í hina áttina. Staðreyndin er sú að þetta á sér nú þegar stað í heiminum, samanber líffæratúrismann þar sem ríkari einstaklingar, sem þurfa á líffæri að halda, ferðast til svæða þar sem þeir geta keypt sér líffæri, sem oftast er úr fátækari mannsku sem hefur neyðst til að selja úr sér líffærið. Eins og komið hefur fram þá er líffæragjöf „gjöf lífsins“ og hefur því óendanlegt (verð)gildi. Peningagreiðsla

fyrir líffæri myndi draga úr þessu ómælanlega gildi lífsins og eyða þeirri hugmynd að lífið sé ómetanlegt. Ég tel að peningagreiðslur fyrir líffæri séu ekki svarið því líffærasala myndi bitna verst á þeim fátæku og hinir ríku myndu hagnast á þeim og ekki væri það góð þróun að mínu mati. Við getum velt því fyrir okkur hvort það að heimila líffærasölu myndi draga úr „óeigingjörnum“ gjöfum. Fólk myndi þá mögulega ekki lengur gefa líffæri sem gjöf eða vilja þiggja slíka gjöf frá ættingja og stofna þannig mögulega lífi einhvers í hættu. Það væri því miklu „hentugra“ fyrir fólk að kaupa það af einhverjum sem þyrfti á peningunum að halda og kaupandinn myndi jafnvel telja sér trú um það að hann/hún hefði gert góðverk með því að bæta fjárhagsstöðu seljandans. Viðtakandinn myndi þá jafnvel upplifa sig sem gefandann.

Mauss lagði áherslu á að í flestum samfélögum sem hann skoðaði væri ekki hægt að greina á milli örlætis og eigin hagsmuna. Það má því spyrja hvort að óeigingirni (e. *altruism*) sé í rauninni til eða hvort við gefum alltaf með okkur sjálf fyrst og fremst í huga? Hvaða gjöf er óeigingjörn að öllu leyti? Samkvæmt Scheper-Hughes (2007, bls. 508) þá eru gjafir aldrei ókeypis, þær eru aldrei án skilyrða og gera viðtakandann alltaf skuldbundinn gefanda og krefjast endurgjafar. Hrein óeigingirni (e. *altruism*) er því ekki til.

Mauss taldi að það væri ekki til gjöf án endurgjafar en líffæragjöf er dæmi þar sem gjöfin krefst ekki endurgjafar. Eru hugmyndir Mauss um gjafaskipti barn síns tíma? Er gjafaskiptakening Mauss fullnægjandi? Líffæragjafir lúta ekki sömu lögmálum og venjuleg gjafaskipti sem eldri gjafaskiptakenningar mannfræðinnar byggjast á og fjalla um. Heimurinn breytist stöðugt og með aukinni tækni og framförum í læknisfræði, sem gerir líffæraígræðslu auðveldari, þarf að endurskoða gamlar kenningar sem urðu til í allt öðrum veruleika en núna. Mauss einblíndi mikið á skylduna að gefa til baka en er það endilega mikilvægasta skyldan? Endurskoða þarf hugmyndina um að alltaf þurfi að endurgjalda gjöf, að gefa gjöf án þess að ætlast til að fá það sama til baka.

Heimildaskrá

- Baldwin, J. (2009). Exchange and subjectivity, commodity, and gift. *Semiotica*, 173(1-4), 377-396.
- Becker, G.S. & Elías, J.J. (2007). Introducing incentives in the market for live and cadaveric organ donations. *The Journal of Economic Perspectives*, 21(3): 3-24.
- Boas, H. (2011). Where do human organs come from? Trends of generalized and restricted altruism in organ donations. *Social science & medicine*, 73(9), 1378-1385.
- Boyer, J.R. (2012). Gifts of the heart...and other tissues: Legalizing the sale of human organs and tissues. *Brigham Young University Law Review*, 2012(1), 313-341.
- Daar, A.S. (1999). Animal-to-human organ transplantation – a solution or a new problem? *Bulletin of the World Health Organization*, 77(1), 54-61.
- Delmonico, F.L. & Scheper-Hughes, N. (2003). Why we should not pay for human organs. *Zygon: Journal of religion & science*, 38(3), 689-698.
- Embætti Landlæknis. (2013). *Liffæragjafir – Taktu afstöðu til liffæragjafar*. Sótt 9.mars 2020 af http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item16299/Liffaeragjafi_P00.10.487_utg_des_2011.pdf
- Erin, C.A. & Harris, J. (2003). "An ethical market in human organs." *Journal of Medical Ethics* 29(3), 137-138.
- Félag nýrnasjúkra. (2002). *Nýraígræðsla*. Sótt 9.mars 2020 af <http://www.nyra.is/files/Baeklingar/Nyra.pdf>
- Fox, R.C. & Swazey, J.P. (1992). *Spare parts: Organ replacement in American society*. Oxford University Press: New York.
- Gill, P. & Lowes, L. (2008). Gift exchange and organ donation: Donor and recipient experiences of live related kidney transplantation. *International Journal of Nursing Studies*, 45(11); 1607-1617.
- Godelier, M. (1999). *The enigma of the gift*. The University of Chicago Press: Chicago.
- Harrison, T. (1999). Globalization and the trade in human body parts. *Canadian review of sociology & anthropology*, 36(1), 21-36.
- Hart, K. (2007). Money is always personal and impersonal. *Anthropology today*, 23(5); 12-16.

- Kaufman, S.R., Russ, A.J. & Shim, J.K. (2009). Aged bodies and kinship matters: the ethical field of kidney transplant. Í Helen Lambert og Maryon McDonald (ritstjórar) *Social bodies*. Berghahn Books: New York.
- Margrét Birna Andrésdóttir og Runólfur Pálsson. (2000). „Nýrnaígræðsla”. *Læknablaðið*, 86(9): 571-576. Sótt 19.mars 2020 af <https://www.laeknabladid.is/2000/9/fraedigreinar/nr/338/>
- Offer, A. (1997). Between the gift and the market: the economy of regard. *The economic history review*, 50(3): 450-476
- Páll Ásmundsson. (2000). Aðgengi Íslendinga að ígræðslulíffærum. *Læknablaðið*, 86(9), 567-569. Sótt 19.mars 2020 af <https://www.laeknabladid.is/2000/9/fraedigreinar/nr/339/>
- Purdy, L. (2000). Should we add “xeno” to “transplantation”? *Politics and the Life Science*, 19(2): 247-259.
- Ravelingien, A., Mortier, F., Kerremans, I. & Braeckman, J. (2004). Proceeding with clinical trials of animal to human organ transplantation: A way out of the dilemma. *Journal of Medical Ethics*, 30(1): 92-98.
- Scheper-Hughes, N. (2002). The ends of the body: Commodity fetishism and the global traffic in organs. *SAIS Review*, 22(1): 61-80.
- Scheper-Hughes, N. (2007). The tyranny of the gift: Sacrificial violence in living donor transplants. *American journal of transplantation*, 7(3), 507-511.
- Sharp, L.A. (1995). Organ transplantation as a transformative experience: Anthropological insights into the restructuring of the self. *Medical anthropology quarterly*, 9(3), 357-389.
- Sherry Jr., J.F. (1983). Gift giving in anthropological perspective. *Journal of consumer research*, 10(2), 157-168.
- Shetty, P. (2009). Tax cuts for organs? *Lancet*, 374(9698), 1315-1316.
- Sigurbergur Káráson, Runólfur Jóhannsson, Kristín Gunnarsdóttir, Páll Ásmundsson og Kristinn Sigvaldason. (2005). Líffæragjafir á Íslandi 1992-2002. *Læknablaðið*, 91(5): 417-422. Sótt 10.mars 2020 af <https://www.laeknabladid.is/2005/05/nr/1996>
- Sprangers, B., Waer, M. & Billiau, A.D. (2008). Xenotransplantation: Where are we in 2008?. *Kidney International*, 74(1), 14-21.
- Strathern, M. (2012). Gifts money cannot buy. *Social anthropology*, 20(4), 397-410.
- Sykes, K. (2005). *Arguing with anthropology: An introduction to critical theories of the gift*. Routledge: New York.

- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Gyða Ásmundsdóttir, María Heimisdóttir, Eiríkur Jónsson og Runólfur Pálsson. (2009). Kostnaðarvirknigreining á meðferð við nýrnabilun á lokastigi. *Læknablaðið*, 95(11), 747-753. Sótt 10.mars 2020 af <https://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1435/PDF/f01.pdf>
- Velferðarráðuneytið. (2008) *Skýrsla vinnuhóps um stöðu lifandi líffæragjafa*. Sótt 10.mars 2020 af <https://www.althingi.is/altext/erindi/136/136-933.pdf>
- Velferðarráðuneytið. (2010). *Skýrsla Líffæraígræðslunefndar 2008-2009*. Sótt 13.mars 2020 af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/Skyrslur/Skyrsla-Liffaeraigraedslunefndar-2008-2009.pdf>
- Weiss, R.A. (2004). Circe, Cassandra, and the Trojan pigs: Xenotransplantation. *Proceedings of the American Philosophical Society*, 148(3), 281-295.
- Wilk, R.R. & Cliggett, L.C. (2007). *Economies and cultures: Foundations of economic anthropology*. Westview press: Cambridge, MA.